

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Nýr Landspítali við Hringbraut.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. janúar 2018, breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst m.a. færsla byggingarreita og byggingarlína meðferðarkjarna 1. áfanga (21) og síðari áfanga (21a), uppbroti hússins og inndragi er breytt og á móti er inndreginn flötur minni á suðurhlíð o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Úlfarsárdalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 5. október 2017, nýtt deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal. Í deiliskipulaginu felst uppbygging og stækkun Úlfarsárdalshverfis. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. febrúar 2018.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2018